

## AUGLÝSING


### um friðlýsingu á Háöldu, Austur-Skaftafellssýslu.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa sem náttúruvætti austurhluta Háöldu norðan Kotár í landi Sandfells í Örafasveit með þeim jarðsöguminjum sem þar er að finna.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru við Þjóðveg að vestan en brún öldunnar að norðan, austan og sunnan.

Þessar reglur gilda um náttúruvættið:

1. Óheimilt er að aka utan merktrar slóðar um hið friðlýsta svæði.



2. Gangandi fólki er heimilt að fara um svæðið enda sé snyrtilega gengið um og varast að skerða gróður eða raska jarðmyndunum.
3. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað rask er óheimilt nema leyfi Náttúruverndarráðs komi til.

Ráðið felur náttúruverndarnefnd Austur-Skaftafellssýslu að hafa eftirlit með hinu friðlýsta svæði.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

*Menntamálaráðuneytið, 1. desember 1975.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*

## AUGLÝSING

### um fólkvang á Reykjanesi.

Að tillögu borgarstjórnar Reykjavíkur, bæjarstjórna Kópavogs, Seltiarnarness, Hafnarfjarðar, Keflavíkur og Grindavíkur, hreppsnefnda Garðahrepps, Njarðvíkurhrepps og Selvogshrepps hefur Náttúruverndarráð ákveðið að stofna **fólkvang** á Reykjaneseskaga skv. 26. gr. laga nr. 47/1971.

Takmörk svæðisins eru sem hér segir:

Lína dregin frá punkti í Heiðmerkurgirðingu undir Vífilsstaðahlíð (X-hnit 689007.0 m.) í punkt á mörkum Garðahrepps og Hafnarfjarðar við Kershelli. Þaðan eftir þeim mörkum inn fyrir sumarbústaðahverfi í Sléttuhlíð á hæð er Klifsholt heitir, þaðan beint í Steinshús sem er glöggæt og gamalt eyktamark. Frá Steinshúsi liggur línan beint í norðurhorn Skógræktargirðingarinnar undir Undirhlíðum. Síðan eftir norðvesturhlíð girðingarinnar að suðurhorni hennar. Þaðan beint í punkt á mörkum Hafnarfjarðar- og Grindavíkurbæjar undir Markrakargili með X-hnit 692297.0 m. Síðan eftir mörkum í Markhelluhól. Frá Markhelluhól stefna mörkin til suðurs eftir mörkum Vatnsleysustrandarhrepps og Grindavíkurhrepps eins og bau eru sýnd á korti, gefnu út af U. S. Army Corps of Engineers og Landmælingum Íslands (mælikv. 1:50000), í punkt á þeim mörkum sem er suður af Höskuldarvöllum o gaustur af Oddafelli, X-hnit 701782.0 m og Y-hnit 388243.0 m. Þaðan beina línu undir Núpshlíðarháls í punkt vestan við Núpshlíð, X-hnit 707653.0 m, Y-hnit 379312.0 m. Frá þeim punkti beint í Dágon sem er klettur á Seltöngum við sjó fram vestan við Krísvíkurborg. Að austanverðu fylgja mörkin sýslumörkum úr Seljabót um Sýslustein og þangað norður sem markalína fólkvangsins í Bláfjöllum sker sýslumörk, þaðan norðvestur eftir mörkum þess fólkvangs í horn Heiðmerkurgirðingar við Kolhól og síðan réttisælis eftir Heiðmerkurgirðingunni að upphafspunkti lýsingar þessarar.

Um fólkvanginn gilda eftirtaldar reglur:

1. Fótgangandi fólki er heimil för um allt svæðið og má ekki hindra slíka för með girðingu nema stigar til yfirferðar séu með hæfilegu millibili. Reiðgötum má ekki loka með girðingum. Þessi ákvæði eiga þó ekki við girðingar um vatns-